

# FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

## Bær við Salthöfða Eyðibýli í Öræfum

### III




Bjarni F. Einarsson  
2005

Forsíðumyndin sýnir rústir bæjarins, fjóssins og hlöðunnar á Bæ í Örafum. Myndin er tekin ofan af klettunum sem gnæfa yfir bænum að norðan. (Ljósm. BFE. Stafrænar myndir 2005, nr. 57).

Skýrsla þessi mun birtast í austfirska tímaritinu Glettingi í lok þessa árs. Einhverjar breytingar kunna að vera gerðar og myndefni aukið.

## **F**ORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson  
*Unnið fyrir Fornleifafélag Öraefa*  
Október 2005



Mynd 1. Staðsetning Bæjar í Örfæfum. (Kortabók Máls og menningar 2000. Viðbætur BFE).

### ***Inngangur***

Í rúm sex hundruð ár voru bæjarrústir við Salthöfða öllum týndar og flestum gleymdar. Þó var ró þeirra trufluð lítillega árið 1918 þegar bóndi einn tók upp á því að byggja beitarhús ofan á bæjarhúsarústunum. Hjá beitarhúsinu gróf hann gryfju fyrir súrhey og þar niðri fann hann kvarnarstein. Var hann færður Þjóðminjasafni Íslands og er nú einn af mörgum ómerktum steinum sem ekki verða greindir í sundur til upprunans lengur. Þessi fundur kveikti neista sem æ síðan hefur lífað með afkomendum bóndans forðum. Bóndinn sem fann kvarnarsteininn var Ari Hálfðánarson á Fagurhólsmýri í Örfæfum. Skýrsla hans um þetta birtist síðar í grein þessari í fyrsta sinni, en hverfum nú rúm 640 ár aftur í tímann.

Trúlega var það í júníbyrjun árið 1362 sem mikil eldsumbrot urðu í Örfæjökli, sem þá hét Knappafellsjökull. Hugsanlega hefur gosið eytt allri

byggð í Litlahéraði að miklu leyti á augabragði, en hve langur sá tími er verður að teljast afstæður. Í augum fornleifafræðinnar geta það verið margir dagar eða vikur, jafnvel ár. Í þessu tilviki erum við samt að tala um klukkustundir í vissum tilfellum og jafnvel mínútur. Hamfarirnar hljóta að hafa verið gríðarlegar og erfitt er að gera sér fyllilega grein fyrir þeim og afleiðingum þeirra. Tíminn hefur breytt þeim úr mannlegum harmleik í spennandi rannsóknarverkefni sem á sér enga hliðstæðu á Íslandi, a.m.k. enn sem komið er.

Um þetta óhemju mikla eldgos, fjórða stærsta gjóskugos mannkynssögunnar, eru nær engar samtímaheimildir til um. Þó eru til stuttorð annálabrot sem skráð voru stuttu síðar auk munnmæla og seinni tíma frásagna sem byggja vafalaust á þessum annálum að miklu leyti. Eftir að byggð hófst að nýju í Litlahéraði hét héraðið Öraefi.

Talið er að allt að þrír tugir bæja hafi farið í eyði í þessu mikla gosi (Sigurður Þórarinsson 1958:17-25) og gjarnan talið að fáir sem engir hafi lifað það af. Heimildir eru nokkuð missaga um það hversu margir lifðu af, sum segja að ein kerling og hestur hafi lifað þetta af, aðrar að prestur og djákni á Rauðalæk hafi lifað af og enn aðrar að Hallur smali á Svínafelli og hesturinn Blesi hafi komist af. Hallur hafi komist í Flosahelli og Blesi hafi staðið á Blesakletti, skammt vestur af Bæ. Ein munnmælasaga segir frá því að ein ær hafi lifað af á Gemlukletti svokölluðum (Sigurður Björnsson 1982:356).

Flestar eru þessar frásagnir um þá sem lifðu af gosið þjóðsögur og seinni tíma getgátur einar.

Í elstu heimildinni um gosið, í annálabroti frá Skálholti sem er skrifað er stuttu eftir gosið, segir að tvær kirkjusóknir hafi tekið af með öllu. Hljóðar frásögnin svo: „*Elldr uppi i iij stodum fyrir sunnan ok hellz þat fra fardogum til hauz med sua myklum bysnum at eyddi allt Litla herad ok mikid af Hornafirdi og Lons huerfi sua at eyddi .v. þingmanna leidir her med hliop Knappa fellz iokull fram i sjo þar sem uar xxx<sup>t</sup> diup med griotfalli aur ok saur at þar urdu sidan slettir sanndar. tok ok af ij kirkiu soknir med ollu at Hofi ok Rauda læk. Sanndrin tok i midian legg a slettu en rak saman i skafla sua at uarla sa husin. oskufall bar norðr um land sua at sporrækt uar þat fylgdi ok þersu at uikrinn saz reka hronnum fyrir Uestfiordum at uarla mattu skip ganga fyrir*“ (Isl. annaler 1977:226).

Í Lögmansannál frá því um 1380, er sagt frá atburðinum við árið 1367 svohljóðandi: „*Elldz vpp kuoma j Lijtla heradi ok eyddi allt heradi*“ (sama 1977:279).

Í Gottskálksannál, sem upprunalega mun vera frá 14. öld en er varðveittur í handriti frá 16. öld segir; „*J Austfiordum sprack j sundr Knappa fellz jokvll*

og hliop ofan æ Loma gnups sand suo at af tok uegu alla. æ su j Austfjordum er heiter Vlfars<sup>1</sup> a hliop æ stad þann er heiter Rauda læk og braut nidr allan stadin suo at ecki hus stod [eptir] nema kirkian“ (sama 1977:359f).

Í Flateyjarannál frá 14. öld segir um sömu atburði, þó tímasettir séu við árið 1350: „*elldz vpp kuoma i Hnappafells joki (!) ok myrkr sua mikit at eigi sa vegu vm middegi ok al eyddisz allt Litla herat*“ (sama 1977:404).

Að lokum skal getið frásagnar í Oddaverjaannál sem skrifaður mun vera um 1580. Þar segir við árið 1366: „*allt hieradit: haufdu þar adr werid 70 bæiar: lifdi engin kuik kind eptir wtan ein auldrud kona: og kapall*“ (sama 1977:489).

### ***Bær í Öræfum og forsaga málsins***

Í skrá Ísleifs sýslumanns Einarssonar frá 1712 um eyddar jarðir í Öræfum,



Mynd 2. Bær í Öræfum. Bærinn kúrir undir klettunum t.h. á myndinni, eða þar sem sér í rauðbrúna rák niður klettanna (mýrarrauði í bæjarlæknum). Blesaklettur er rétt utan við myndina t.v. Jökullinn gnæfir yfir. Horft til N. HQ myndir nr. 73. Ljós. BFE.

<sup>1</sup> Hér mun átt við Virkisá.

ásamt skrá Jóns sýslum. Helgasonar um eyðingar 1783 í Lóni, Nesjum og Fellshverfi segir: „*Bær er sagt byggð heitið hafi fyrir austan bæinn Fagurhólsmýri, en fyrir vestan Salthöfða. Þar sést til tópta.*“ (Jón Þorkelsson 1918-20:47). Þetta mun vera elsta heimildin um nafnið og kemur alveg heim og saman við staðsetninguna á bæjarrústunum og varla mögulegt að pláss hafi verið fyrir annan bæ á svæðinu. Þetta þýðir einnig að áður en að beitarhúsið var byggt á staðnum hafa menn séð til rústa, en beitarhúsum var gjarnar komið fyrir á eldri rústum svo sem bæjarstæðum og eru þau því vísbending um forn bæjarstæði þegar svo ber undir. Þannig háttaði til á Gröf skammt frá. Ástæða þess að menn hafi séð til rústa er sennilega sú að lækurinn sem þarna rennur um hefur verið farinn að brjóta úr bænum og eins að nyrsti hluti fjóssins hefur trúlega legið undir skemmdum af læk sem runnið hefur ofan af klettunum nokkru vestar og svo norðan við rústirnar og í núverand lækjarfarveg.

Forsaga málsins er skráð af Ara Hálfánarson á Fagurhólsmýri árið 1918 á eftirfarandi hátt:

„Fornminjar fundnar í jörð á Bæjarstað Fagurhólsmýri 8.júní 1918, byrjað að grafa fyrir beitarhúsatóftum, austan til á svonefndum Bæjarstað.

Þegar komið var niður, rúma mannhæð, kom ég niður á hellur, sem voru lagðar sem súðhellur á húsi, þar undir var mórauð mold, í henni fann ég vott af þunnu beini, er ég hygg verið hafi kjálki úr grip, síðan fann ég jaxla mjög lítið skemmda; eftir því sem mér sýnist, munu þeir vera úr sauðkind eða litlum nautgrip.

Á öðrum stað komum við niður á húsvegg 3<sup>1/2</sup> alin frá jarðvegsbrún, steinarnir voru mjög sótugir og því að líkindum úr eldhúsi.

Á enn öðrum stað komum við niður á grjóttvegg, 3 álnir niður frá grassverði, þar grófum við niður fyrir undirstöðu og var hún 5 álnir undir grassverði, virtist þar vera fjós, því neðst var flór, með flórskánum í, þar í var vottur af tréspítum.

Í enn öðrum stað komum við niður á húsvegg, 1<sup>1/2</sup> alin neðan við grassvörð (þar sást móta fyrir tóftum í grassverðinum). Tættur þessar voru mjög vel hlaðnar og ófallnar, það lítið er við grófum eftir þeim.

Hvítur vikur stórgerður var í öllum tóftunum, er þar voru fullar af, en hrein mold utangarðs, en frá grassverði niður á hleðslu, var gráleit, smágerð vikursandsmold.

Við höfðum engan tíma til að grafa neitt verulega, til að komast fyrir stærð né tölu tóftanna og verður nú allt þarna óhreyft, þar til eftir slátt, að komið verður yfir þessar beitarhústóftir, er við byggðum nú í júní.

Bær er sagt byggð heitið hafi fyrir austan bæinn Fagurhólsmýri, en fyrir vestan Salthöfða. Þar sést til tópta.

Sigmundur Pálsson, sem nú hefur nokkra um átrætt, segir að einn kvenmaður hafi sá verið í Örfum, um sína ungu daga, að nafni Steinunn Þormóðsdóttir, er sagt hafi sig fundið hafa í þessu bæjarstæði undir hellu inn í einni holu, að sjá svo sem á bitahöfði, klæði, sem af kvenmanns fati, dökt, og hafi hún haft það í upphlut, sem óskemt var, en sú hola hefur aldrei síðan fundizt“<sup>2</sup>.

Allt frá því að þessi fundur kvarnarsteinsins átti sér stað hefur mönnum leikið forvitni á að vita eitthvað meira um þennan stað. Ekki minnkaði áhuginn þegar barnabarn Ara, Sigurður Björnsson í Kvískerjum, rakst á fjóshellu skammt norðan við Hof í Örfum árið 1954 þegar hann var að ýta jarðvegi til vegna vinnu við kálgarða. Vildi þá svo heppilega til að þáverandi þjóðminjavörður Kristján Eldjárn kom að Hofi nokkru síðar vegna endurvígslu Hofskirkju. Fór hann á staðinn og í framhaldi af því var farið út í viðamiklar rannsóknir á staðnum. Heitir staðurinn síðan Gröf, en sá bær fór í eyði í sama gosi og Bær (Gísli Gestsson 1959). Er sú rannsókn ein af hornsteinum íslenskrar fornleifafræði.

Af heimilum mætti ráða að aurskriður hafi aðallega eytt byggðinni, en vikurfall fært sumt á kaf síðar. Annað hefur komið á daginn, a.m.k. hvað varðar Bæ. Forrannsóknir tveggja jarðfræðinga bendir til þess að gusthlaup hafi grandað Bæ. Gusthlaup er þegar fyrnar heitur loftmassi geysist niður hlíðar eldfjallsins og grandar öllu lífi sem fyrir verður. Getur hitinn verið nokkur hundruð gráður og hraðinn 300 km á klukkustund. Þar sem það fer yfir eyðist einnig allt súrefni. Hugsanlega hefur svipað átt sér stað á Gröf í sömu sveit.

Mynd 3. Efsti veggur í prufuholu 4 sem grafin var í sept. 2002. Sjá má torfið hægra megin við grjóthleðsluna (múrskeið ofan á hleðslunni). Ofan á hluta torfsins (t.h.) teygir sig gjóskan frá 1362. Horft til V. Ljósm. Ragnar F. Kristjánsson. Trúlega er þetta gafil fjóssins (Bjarni F. Einarsson 2002:5).



<sup>2</sup> Sagan um Steinunni Þormóðsdóttur og upphlutinn er birt í Blöndu I, bls. 47.

Haustið 2000 fengu heimamenn í lið með sér Línuhönnun hf. og Fornleifafræðistofuna til að gera jarðsjármælingar á ýmsum stöðum í Örafum (Sigfínnur Snorrason 2001). Einn þessara staða var í kringum beitarhúsið þar sem kvarnarsteinninn hafði fundist hjá 1918. Niðurstöður mælinganna bentu eindregið til þess að í öllum hólnum sem beitarhúsið stóð á væru mannvirki undir nokkura metra þykkum vikurstabba. Í framhaldi af því var þess farið á leit við Fornleifafræðistofuna að hún tæki að sér að grafa nokkrar prufuholur til að staðfesta jarðsjármælingarnar og kanna í hvaða ástanandi hinar meintu bæjarleifar væru. Fór sú rannsókn fram í september 2002 (Bjarni F. Einarsson 2002). Niðurstaðan var sú að þarna leyndust bæjarrústir og ástand þeirra væru mjög gott, ef ekki einstaklega gott. Sérstaklega var eftir því tekið hve gott ástandið var á viðarleifum sem komu úr prufuholunum. Einnig sýndi rannsóknin fram á að undir yngstu leifunum væru eldri leifar.



Mynd 4. Yfirlit yfir bæjarstæði Bæjar í Örafum. T. h. er fjósið og hlaðan og vinstra megin bæjarhúsin. Efst t. v. sjást hólur sem skoðaðir voru vegna gruns um að þar leyndist smiðja. Í ljós komu mun eldri rústir, en ekki smiðjan. Bent skal á að a.m.k. 0,6 m eru enn ógrafnir að gólfum. Horft til S. HQ myndir 58. Ljós. BFE.





Mynd 5. Herbergi A fullgrafið. Enn eru þó mannvistarlög eftir á milli og undir hellum. Á myndinni er ekki búið að grafa út þrænar tvær sem í herberginu voru. Er önnur þeirra (sú stærri) full af hreinum vikri. Hin var full af vikri og mannvistarlagi. Sjá má að yfir stærri þrónni er annars vegar ræsi og hins vegar silla þar fyrir ofan. Ræsið lá að hinu hringlaga rými hinum megin við vegginn eða haftið á milli rýmanna. Neðst t. v. eru dyrnar út úr húsinu. Stafrænar myndir nr. 37. Horft til A. Ljós. BFE.

Um það leyti sem prufuholugrófturinn fór fram var stofnað Fornleifafélag Öræfa. Var eitt af helstu markmiðum þess að afla peninga til að hefja frekari fornleifarannsóknir á staðnum og fékkst fé til að fara á stað með rannsókn vorið 2004 sem hafði það eitt að markmiði að grafa fram útlínur yngsta bæjarins, en fara ekki niður í hefðbundin mannvistarlög. Við þá rannsókn unnu tveir starfmenn Fornleifafræðistofunnar auk félaga í Fornleifafélaginu og annarra heimamanna. Tókst að grafa niður fyrir efstu veggjabrún alls bæjarins að mestu leyti og útlit bæjarins þar með á hreinu. Þessi vinna tók einungis fimm daga.

Fornleifafélagið sótti enn um fé til að halda áfram rannsóknum á yngstu leifunum og sérstaklega til að freista þess að finna fjósið sem talið var vera skammt vestur af bæjarhúsunum (Sami 2005:13). Og aftur var farið á stað í



Mynd 6. Herbergi A:1 í forgrunni og herbergi A í framhaldi af því. Sjá má ræsið neðst í herbergi A:1. Leiddi það undir vegginn á milli herbergjanna og að þró sem var handan hans. Vinstra megin við langvegg herbergis A var annað ræsi sem lá út úr því. Þessi skipan, nema ræsið út úr húsinu, er nánast nákvæmlega eins og svokallað sofnhús að Gröf. Stafrænar myndir nr. 38. Horft til V. Ljósm. BFE.

maí 2005, en nú með fornleifafræðinemum auk fornleifafræðinga á Fornleifafræðistofunni. Var unnið samfelld í átta daga og bæjarhúsin hreinsuð enn frekar og hafist handa við að finna fjósið. Í ljós kom að það var þar sem það „átti“ að vera, rétt vestur af bæjarhúsunum. Að auki var þess freistað að finna smiðju á hól skammt suður af bænum, en það tókst ekki. Þar komu hins vegar í ljós rústir nokkuð eldri en síðasti bærinn.

Hluti af túngarði bæjarins var skoðaður um 100 m austur af bænum, við lækjarfarveginn sem nú er (var fluttur á seinni hluta 20. aldar). Reyndist hann vera úr grjóti einu saman, stærstu steinarnir neðst og minni þar ofan á. Garðinum má fylgja eftir á all löngum kafla til suðurs og svo styttri spöl til vesturs þar sem hann hverfur ofan í votlendið. Mögulega væri hægt að rekja hann lengra með aðstoð loftmyndar.

Ef við skoðum heildarflatarmál þeirra rýma sem hugsanlega geta talist vistarverur manna, sem eru öll herbergin nema A:1, fjósið og hlaðan. Við notum einfaldan útreikning og margföldum aðeins breidd og lengd án þess að taka tillit til þess að mörg herbergjanna eru dálítið óregluleg í laginu. Einnig tókum við tillit til gagnanna, en í útreikningunum eru þau skilgreind sem 0,85 x 10,23 m stór (búr D dregið frá) og að eldhúsið er minna þegar göngin hafa verið dregin frá. Niðurstaðan verður 68,63 m<sup>2</sup>. Sé gengið út frá því að meðalþörf manna hafi verið um 6 fermetrar þýðir þetta að á bænum hafi búið um 11 manns.

### Stærð einstakra rýma á Bæ:

Herbergi	Lengd m	Breidd	m <sup>2</sup>	Stuðull fjós/hlaða	Túlkun
A	3,65	2,55	9,31		Vinnuherbergi
A:1	1,40	1,55 (hringlaga)	<b>2,17</b>		Lýsisþró
B	4,75	2,65	12,59		Stofa
C	3,50	3,15 (A – V)	11,01		Stofa
D	1,70	1,55	2,64		Búr
E	3,30	1,70	5,61		Búr <sup>3</sup>
F	3,80	3,10 (A – V)	11,78		Skáli
G	3,65 (2,80)	1,70	6,21 (4,76)		Eldhús
H	11,85 (10,30)	0,85	10,07 (8,76)		Bæjargöng <sup>4</sup>
Fjós	5,70	4,05	23,09		Fjós
Hlaða	6,00	3,00	18,00	1,28	Hlaða
Stærð íveruhúsa			<b>71,39 (68,63)</b>		

Tafla 1. Stærðir einstakra rýma á Bæ. Stærð fjóssins og hlöðunnar er ekki reiknuð með í heildarflatarmáli bæjarins. Tölur í sviga sýna stærðir þegar göng hafa verið dregin frá. Íveruhúsin eru 1,67 sinnum stærri en fjós og hlaða.

### Stærð einstakra rýma á Gröf:

Herbergi	Lengd m	Breidd	m <sup>2</sup>	Stuðull fjós/hlaða	Túlkun
I	7,20	1,20-1,70 (1,45)	10,44		Bæjargöng
II	9,35	4,75	44,41		Skáli
III	6,8	2,5-3,1 (2,8)	19,04		Stofa
IV	2	2	4		Salerni/brunnhús
V	3	2	6		Baðstofa
VI	6 <sup>5</sup>	3,45	20,7		Eldhús
VII	5,50 <sup>6</sup>	2,8-3,1 (2,95)	16,23		Búr
Sofnhús 1	2,8	2	5,6		Sofnhús
Sofnhús 2	1,4	1,4 (hringlaga)	1,96		Sofnhús
Fjós	8,3-8,8 (8,55)	3,5-3,8 (3,65)	31,21		Fjós
Hlaða	12,6	3,5-3,8 (3,65)	45,99	0,68	Hlaða
Stærð íveruhúsa			<b>120,82</b>		

Tafla 2. Stærðir einstakra rýma á Gröf. Stærð fjóssins og hlöðunnar eru ekki reiknuð með í heildarflatarmáli bæjarhúsanna. Tölur í sviga sýna meðaltöl. Íveruhúsin eru 1,57 sinnum stærri en fjós og hlaða.

<sup>3</sup> Búrið hefur hugsanlega verið lítið eitt lengra, en var laskað af súrheysgryfju árið 1918.

<sup>4</sup> Bæjargöngin eru mæld frá bæjardyrum inn í N-vegg hólf D.

<sup>5</sup> Í skýrslu er stærðin sögð 7,25 m, en þá eru dyrnar reiknaðar með.

<sup>6</sup> Í skýrslu er stærðin sögð 7,5. Greinilegt er að þil hefur staðið um 1 m innan við kampinn og því er rýmið minnkað í samræmi við það.

Ef við berum þessar stærðir saman við bæinn á Gröf, kemur í ljós að munurinn er mikill. Bær er tæplega helmingi minni en Gröf.<sup>7</sup> Munurinn fellst fyrst og fremst í hinum gríðarlega stóra skála að Gröf. Að auki skal bent á að herbergi A og A:1 eru talin með í heildarflatarmáli Bæjar, en sambærileg hús á Gröf eru hins vegar ekki talin með þar. Munurinn er því enn meiri. Að Gröf hafa því um 22 manns búið séu sömu rök notuð og á Bæ.


Árið 1703 var meðaltal heimilismanna á hverju býli í Hofshreppi (kölluð Örafá byggð) 7,4 manns (Árni Magnússon og Páll Vídalín 1924-1947:434-35). Ætla má að býlin hafi minnkað eitthvað vegna afleiðinga gosa og hlaupa í ám. Mest voru 15 manns á einu býlanna á Hnappavöllum árið 1703 og næst mest 13 manns í Skaftafelli. Fæst voru tveir í heimili á Svínafelli og næst fæst fjögur á Sandfelli. Í þessu ljósi er Bær ofan við meðaltal og vel það, en trúlega hefur hann verið rétt í meðallagi árið 1362.

Ekkert fannst á Gröf sem bendir til þess að menn hafi verið teknir í bólinu þegar gosið hófst, heldur haft tíma til að flýja með eitthvert hafurtask og skepnur sínar. Hvort sú hafi einnig orðið raunin á Bæ verður að koma í ljós síðar.

Mynd 7. Sofnhúsið á Gröf í Örafum. Teikn. Gísli Gestsson 1959.

### **Húsakosturinn**

Húsaskipanin á Bæ er engri annarri lík. Bærinn er byggður í vinkil svo að segja, þar sem bæjardyrnar eru í kverkinni. Trúlega eru herbergi A og B byggð á seinni stigum og sé litið fram hjá þeim má segja að bærinn sé byggður í stíl við Þjórsjárdalsgerðina svokölluðu. Þar er Stangarbærinn hvað þekktastur. Auk kverkarinnar er eldhúsið nokkur nýjung á Bæ, bæði hvað varðar staðsetningu og stærð.



<sup>7</sup> Dyr eða göng inn í einstök herbergi ekki reiknuð með hér (sama gert á Bæ).

### Stærð einstakra rýma á ýmsum bæjum

<i>Herbergi</i>	<i>Lengd m</i>	<i>Breidd</i>	<i>m<sup>2</sup></i>	<i>Stuðull fjós/hlaða</i>	<i>Túlkun</i>
<b>Stöng (Aage Roussel 1943. Vilhjálmur Ö. Vilhj. 1996). Ca. 1200</b>					
I+II	16,25 (áætlað)	5,5-5,85 (5,68)	92,3		Forskáli og skáli
III	8,0	4,3	34,4		Stofa
IV	7	2,3-2,6 (2,45)	17,15		Búr
V	5	2,5	12,5		Salerni
Fjós	10,5	4,5	47,25		Fjós
Hlaða	10,5	3,3	34,65		Hlaða
Skemma	3,8	3,0	11,4		Skemma
Smiðja	7,7	3,5	26,95	1,36	Smiðja
Stærð íveruhúsa			<b>156,35</b> , eða 1,91 sinnum stærra en fjós og hlaða		
<b>Pórarinsstaðir (Kristján Eldjárn 1949) 12. öld</b>					
I	8,75	4 (misbreiður)	35		Skáli
II	6-6,5 (6,25)	3-3,5 (3,25)	20,31		Stofa
III	4,5	2,25-3 (2,63)	11,79		Búr
IV	7,6	2,2-3,5 (3,09)	23,48		Fjós
V	6,3	2-2,2 (2,1)	13,23		Hlaða
VI	2,75-3,1 (2,93)	1,8 (áætlað)	5,27	1,77	Kofi
Stærð íveruhúsa			<b>72,37</b> , eða 1,97 sinnum stærra en fjós og hlaða		
<b>Kúabót (Árbók Hins. ísl. fornleifafélags 1986). Lok 15. aldar</b>					
A	6,76-6,88 (6,82)	3,95-4,17 (4,06)	27,69		Stofa
B	13,20	4,20-4,50 (4,35)	57,42		Skáli
C	4,2	1,6	6,72		Önd
D	7,6	3-3,4 (3,2)	24,32		Búr
E	6	1,64-1,9 (1,77)	10,62		Göng
F	5,80	3,50-3,80 (3,65)	21,17		Baðstofa
G	3,5	2,2-2,5 (2,35)	8,23		Salerni
H	7	3	21		Eldhús
I	4	3,3-3,5 (3,4)	13,6		Útihús
J	8	3,2-3,5 (3,35)	26,8		Skemma
K	5,3	3,2	16,96		Kirkja
Stærð íveruhúsa			<b>203,97</b>		
<b>Lundur (Kristján Eldjárn 1965) Forn!</b>					
Fjós	13	3,5	45,5		Fjós
Hlaða	9,75	3	29,25	1,56	Hlaða
<b>Forna Lá (Kristján Eldjárn 1951) 1450-1550.<sup>8</sup></b>					
I	6	2,75	16,5		Skáli
II	3,75	2,8	10,5		Fjós
III	3,85	2,25	8,66		Baðstofa
IV	3,5	3	10,5		Eldhús
V	2,7 (áætlað)	1,2 (áætlað)	3,24	3,24	Hlaða
Stærð íveruhúsa			<b>35,66</b> , eða 2,60 sinnum stærra en fjós og hlaða		

Tafla 3. Stærðir ýmissa bæja frá miðöldum.

Eftirtektarvert er að skoða veggjagerðina að húsbaki, en þar eru engir steinar notaðir, aðeins torfið sem virðist hafa verið látið fljóta út á jafnsléttu. Því verður þykkt veggja svolítið fljótandi, en hún hefur trúlega verið

<sup>8</sup> Ég er ósammála þessari aldursgreiningu og tel rústina yngri eða frá 1550 – 1650, jafnvel yngri en 1600.

allnokkur. NA – hluti bæjarhúsanna er eilítið skaddaður af læknum og vindrofi. Þessar skemmdir hafa þó enn sem komið er ekki raskað innri hluta herbergjanna.


Eina herbergið sem nú hefur verið grafið upp að fullu er herbergi A og viðhangandi herbergi A:1. Þessi rými eru nánast algerlega eins og hið svokallaða sofnhús á Gröf í sömu sveit, en sofnhús er hús sem notað var til að þurrka korn. Helsti munurinn á þessum húsum var að á Bæ var ræsi út úr aðalrýminu í átt að bæjarlæknum. Hvort svo hafi háttað til á Gröf er óljóst. Ekki er hægt að útiloka þann möguleika að ræsið komi úr rýmum B og C og hafi legið undir öllum bænum. Ekki fannst vottur af korni í herbergjum A og A:1 eða mannvirkjum tengdum þeim.

Í þró, sem var í herbergi A, beint undir þar sem ræsi úr A:1 lá, fannst ekkert af viðarkolum. Þróin var full af hreinum vikri. Algerlega sambærileg þró var á Gröf. Í minni þró sem var rétt norðan við þá stærri í herbergi A fannst vottur af viðarkolum í bland við vikurinn. Hvorugar þærnar hafa verið eldstæði. Aðeins voru tekin sýni úr minni þrónni og þau gætu varpað ljósi á hlutverk rýmanna<sup>9</sup>. Eftir er að grafa út innihald ræsisins á milli A og A:1 og ræsisins sem lá út úr A og í bæjarlækinn. Þar gætu einnig leynst svör við spurningunni um notkun rýmanna. Á Gröf var 50 g sýni úr gólfi hins meinta sofnhúss rannsakað og „með *allmikilli nákvæmni*“ var hægt að greina jurtategundir, þ.á.m. kolað bygg. Voru aðeins 6 g af jurtaleifum í sýninu og þar af aðeins 3 g greinanleg til tegunda. Í fyrsta lagi gætu þessar jurtaleifar hafa borist með mönnum og í öðru lagi gætu þær hafa verið leifar af melgresi, sem vissulega var nýtt af mönnum. Ég dreg sem sagt mjög í efa að rými A og A:1 séu svokölluð sofnhús og sama á við um húsið á Gröf. Vonandi fæst tækifæri til þess að rannsaka þetta nánar. Þeirri tilgátu er þó varpað fram hér að herbergi A og A:1 tengist einni mikilvægri auðlind svæðisins, sem er hvalreki. Mögulega hefur hvalspiki verið kastað í A:1 og látið sjálfrenna í gegnum rennuna niður í fötu eða ílát sem staðið hefur í stærri þrónni í herbergi A. Á sama hátt er hægt að ímynda sér að gert hafi verið við selspik.

Í Gautavík í norðanverðum Berufirði í Suður - Múlasýslu voru minjar verslunarstaðar rannsakaðar árið 1979 (Guðmundur Ólafsson 2005). Á svæði sem kallað hefur verið svæð B, fundust leifar af lýsisbræðslu sem aldursgreind er til síðari hluta 15. aldar. Mannvirkið (mannvirki C) var tvískipt. Stærri hlutinn var 2,5 x 5 m, en sá minni var hringlaga tæpir tveir m í þvermál. Gólf þess var nokkuð hærra og frá því var renna niður í stærra rýmið. Hringlaga rýmið var úr múrsteinum. Stungið hefur verið upp á því að

<sup>9</sup> Sýni er í greiningu á rannsóknarstofu Lýsis hf.

Þetta sé annaðhvort útbúnaður til að kaldreykja fisk eða til að bræða hvalspik (Sami 2005:16).



Mynd 8. Mynd sem sýnir vinnu við hvalspik á 18. öld. Neðst má sjá tvær ámur úr timbri og á þeim báðum gati niður við botn. Á þeirri til hægri er einhverskonar renna út úr ámunni. Takið eftir að hvergi vottar fyrir hitagjafa. (Guðmundur Ólafsson 2005:16. Myndin er fengin úr riti Du Restes. „Historie des peches, des découvertes des établissements des Hollandais les mers du nord.“ An IX de la République. Bibliothèque Nationale).



Mynd 13. Hlaðinn, hringlaga klefi út úr norðvesturhorni búrs. Í baksýn sést sífar í suðvesturhorni tóttarinnar. Ljós. Gísli Gestsson. Fig. 13. A circular chamber at the north-west corner of the storage room. In the background there are seen traces left by a vessel. Photo Gísli Gestsson.

Mynd 9. Kerið eða klefinn á Kúabót. Margt er líkt með því og rými A:1 á Bæ og sofnhúsinu á Gröf. Ljós. Gísli Gestsson. 1987:44).

Á bænum Kúabót í Álftaveri fannst hringlaga rými sem er í stórum dráttum alveg eins og rýmin tvö á Gröf og Bæ (Lilja Árnadóttir 1987:45). Á botni þess voru leifar af sá, en ekki var farið nánar út í skýringar á þessu rými. Ég tel að leifar þessar kunni að vera af sama toga og þau á Gröf og Bæ, þó dálítill munur sé á

útfærslunni. Kúabót er eins og Bær, rétt upp af ströndinni. Bærinn hefur trúlega farið í jökulhlaupi á seinni hluta 15. aldar.

Sé þessi túlku á herbergi A og A1 rétt bendir það til þess að framleiðslan hafi ekki einungis verið til heimabruks. Hugsanlega hefur hún verið m.a. til útflutnings. Baskar sigldu til landsins og unnu lýsi úr hvalspiki við stendur landsins við ærinn kostnað. Þetta segir okkur að hvallýsi var eftirsótt vara í

Evrópu og ýmislegt á sig leggjandi til að ná í vöruna. Þetta hafa Íslendingar séð og jafnvel lært af þeim og komið sér upp eigin framleiðslutækjum.

Eins og kom fram hér að ofan fannst kvarnarsteinn þegar grafið var fyrir súrheysgryfju árið 1918. Súrheysgryfja þessi hefur lent fyrir endan á herbergi E. Þessi fundur styður túlkunina á herbeginu, en kvarnarsteinn fannst einnig í búi á Gröf. Nú eru búrin tvö á Bæ. Miklar líkur eru til þess að mínu mati að herbergi D sé búr fyrir mjólkurmat og þar muni því finnast sáir eða sáför, eitt eða tvö. Herbergi E hefur þá verið fyrir þurrmeti, korn af ýmsu tagi (innflutt korn og innlent melgresi) og annað sem var þurrt (skreið, kjöt).

Fjosið á Bæ var mjög svipað fjósinu á Gröf að gerð og lögun. Fremst var sjálft fjosið og inn af því var hlaðan. Fjosið var 5,70 x 4,05 m stórt eða rétt rúmir 23 m<sup>2</sup> og hlaðan 6 x 3 m eða 18 m<sup>2</sup>. Sambærilegar tölur fyrir Gröf eru rúmir 31 m<sup>2</sup> og rétt tæpir 46 m<sup>2</sup>. Megin munurinn fellst í mun stærri hlöðu að Gröf.

#### *Stærð einstakra rýma í Sandártúngu.*

<i>Herbergi</i>	<i>Lengd m</i>	<i>Breidd</i>	<i>m<sup>2</sup></i>	<i>Túlkun</i>
I	3,40	3,20	10,88	Baðstofa
II	5	1,6	8	Búr
III	4	1,75	7	Vefstofa/staður
IV	3	1,75	5,25	Eldhús
V	4	1,5	6	?
<i>Stærð íveruhúsa</i>			<b>37,13</b>	

Tafla 4. Stærðir einstakra rýma í Sandártúngu (Kristján Eldjárn 1951).

Ekki verður farið í nánari útlistanir á bæjarhúsagerðinni að svo stöddu, það verður að bíða betri tíma. Þó skal bent á að bæjarhúsagerðin er einkonar blanda af Þjórsárdalsgerðinni svokallaðri og gangabæ eins og Gröf og jafnvel Kúabót. Ef frá eru skilin herbergi A og B kemur í ljós smækkuð útgáfa af Þjórsárdalsgerðinni. Hugsanlega bendir þetta til þess að herbergi A og B séu viðbætur við húsin. Snið í vegginn á milli B og C varpar ljósi á þetta atriði.

Í fjósinu á Bæ var komið niður á báshellur eða beislur við báðar hliðar hússins, en á Gröf voru þær aðeins öðru megin. Séu sömu rök notuð á Bæ og Gröf er fjosið á Bæ fyrir naut, en ekki kýr. Það getur varla staðist. Fjosið á Bæ er næstum jafnt stórt og á Þórarinsstöðum á Hrunamannafrétti (Kristján Eldjárn 1949). Þar var fjosið 23,48 m<sup>2</sup>. Hlaðan á Þórarinsstöðum var hinsvegar nokkuð minni eða 13,23 m<sup>2</sup>. Það virðist því ekki alltaf vera samræmi á milli stærð fjósa og hlaða. Þó er ekki hægt að útiloka að menn hafi haft ýmsar aðrar lausnir á geymslu heys og þær sjáist ekki í





